



Glitnir banki hf
Kirkjusandi 2
155 Reykjavík

VIÐSKIPTARÁÐUNEYTI

Handelministeriet

Arnarhvoli IS-150 Reykjavík Island
tel.: + (354) 545 8500 fax: + (354) 562 1289
postur@vrn.stjr.is
www.government.is

Reykjavík 8. februar 2008
Reference: VRN08020008/42.090

Viðskiptaráðherra beinir eftirfarandi tilmælum til fjármálafyrirtækja:

1. Fjármálafyrirtæki skulu framvegis ekki bjóða kröfuhöfum sem nýta sér innheimtuþjónustu þeirra að bæta seðilgjöldum eða sambærilegum fylgikröfum, sem neytendur hafa ekki átt kost á að samþykkja eða taka afstöðu til, við aðalkröfu sem greidd er á gjaldddaga.
2. Fjármálafyrirtækjum er óheimilt að innheimta seðilgjöld og sambærilegar fylgikröfur, sem samið hefur verið um greiðslu á við neytendur, vegna krafna sem innheimtar eru fyrir kröfuhafa á grundvelli þjónustusamnings, nema að uppfylltum neðangreindum skilyrðum:
 - Fjárhæð gjalds endurspeglar raunkostnað við útsendingu seðla.
 - Neytendum standi til boða raunhæfur gjaldfrjáls valkostur, svo sem að greiða með millifærslu. Haft skal til hliðsjónar að staðgreiðsla á starfsstöð fyrirtækis, ein og sér, telst ekki raunhæfur valkostur.
 - Neytendur fái reikning vegna viðskipta, lögum samkvæmt, á pappír eða rafrænt.
3. Fjármálafyrirtækjum ber að tryggja gott aðgengi neytenda að viðskiptaskilmálum og gjaldskráum sínum, m.a. með hliðsjón af nútímaupplýsingatækni.


Tilmæli þessi byggja á tillögum starfshóps um heimildir fjármálafyrirtækja til gjalddöku o.fl., sbr. skýrslu hópsins sem skilað var til ráðherra í lok desember 2007. Samtök fjármálafyrirtækja áttu tvo fulltrúa í starfshópnum. Nánari upplýsingar um skýrslu starfshópsins og viðbrögð ráðherra við henni eru aðgengilegar á vefsíðu viðskiptaráðuneytis, sbr. fréttatilkynning nr. 1/2008. Tilmælunum er ætlað að innleiða réttarbætur til handa neytendum.

Tilmælin eru í samræmi við grundvallarreglur kröfuréttar um að sá sem óskar eftir þjónustu greiði fyrir hana og meginreglur neytendaréttar um að samningur þurfi að standa að baki kröfu sem ekki grundvallast á lögum. Innheimta seðilgjalda og sambærilegs aukakostnaðar hefur verið gagnrýnd og af mörgum verið talin fara í bága við sett lagaákvæði. Neytendur njóta ávinnings af því að greiða kröfur, sem þeim ber að greiða á þeim stað sem kröfuhafi tilgreinir, með hagkvæmum hætti. Sá ávinningur, sem sumir hafa fært sem rök fyrir því fyrirkomulagi sem komist hefur á og haldist við undanfarin ár, vegur þó ekki upp á móti ofangreindum lagasjónarmiðum. Þá skal bent á að

ávinningurinn af nýju fyrirkomulagi er ekki síður kröfuhafans auk þess sem valið er hans.

Þörf er á að leiðrétta þá framkvæmd sem tíðkast hefur varðandi töku seðilgjalda og annars aukakostnaðar.

Stór hluti viðskiptalífsins byggir á innheimtu krafna í gegnum innheimtakerfi banka og sparisjóða. Samtök atvinnulífsins og Samtök verslunar og þjónustu hafa lýst sig reiðubúin til samstarfs við ráðherra um að tryggja að farið verði eftir tilmælum þessum. Samtökin hyggjast jafnframt efla fræðslu meðal kröfuhafa um heimildir til innheimtu aukakostnaðar gagnvart neytendum og leggja þar með á eitt með ráðherra og fjármálafyrirtækjum um að koma til leiðar að verklag við innheimtu verði í samræmi við gildandi rétt.


Björgvin G. Sigurðsson


Áslaug Árnadóttir

Genpart: Viðskiptabankar, sparisjóðir og greiðslukortafyrirtæki, Samtök fjármálafyrirtækja, Samtök atvinnulífsins og Samtök verslunar og þjónustu.